

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 125/2003

frá 26. september 2003

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2003 frá 11. júlí 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/138/EB frá 27. febrúar 2003 um setningu kóðunarstaðla fyrir íhluti og smíðaeftirbúnaði í ökutæki í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32eb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/151/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„32ec. **32003 D 0138:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/138/EB frá 27. febrúar 2003 um setningu kóðunarstaðla fyrir íhluti og smíðaeftirbúnaði í ökutæki í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki (Stjtið. EB L 53, 28.2.2003, bls. 58).“

2. gr.

Texti ákvörðunar 2003/138/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 272, 23.10.2003, bls. 29 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 54, 23.10.2003, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 53, 28.2.2003, bls. 58.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. september 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Prins Nikulás af Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.